

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDARGERÐARBÓK FRÆDSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

**137. fundur fræðsluráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 21. nóvember kl. 13:00 í fundarsal Ráðhúss Húnaþings vestra.**

**Mætt undirrituð.**

## Dagskrá:

1. Niðurstöður starfshóps um framtíðarskipan skólamála í Húnaþingi vestra  
Samþykkt að taka á dagskrá:
2. Breyting á skóladagatali.
3. Eftirfylgni Mennta- og menningarmálaráðuneytis með úttekt á Grunnskóla Húnaþings vestra vorið 2010.

## Afgreiðslur.

1. Fræðslu og félagsmálastjóri kynnti niðurstöður starfshóps um framtíðarskipan skólamála í Húnaþingi vestra. Fræðsluráð álitur mikilvægt að niðurstöður starfshópsins verði kynntar innan skólasamfélagsins og meðal íbúanna og að viðtækt samráð verði haft við hlutaðeigandi aðila um hvenær og í hvaða skrefum ráðist verði í framkvæmd þeirra. Þá álitur fræðsluráð mikilvægt að starfshópurinn geri grein fyrir faglegum ávinningi tillaganna og tekur undir mikilvægi þess að gerð verði fjárhagsleg úttekt á niðurstöðum starfshópsins. Einnig er mikilvægt að framtíðarskipan skólamála í fyrrum Bæjarhreppi verði skýrð frekar.
2. Skólastjóri óskar eftir breytingu á skóladagatali vegna söngvarakeppni grunnskólans sem verður haldin þann 18. janúar í stað 19. janúar nk. og verður laugardagurinn 19. því ekki skipulagður skóladagur. Fræðsluráð samþykkir tillögu skólastjóra.
3. Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Attentus-mannauður og ráðgjöf að gera úttekt á starfsemi Grunnskóla Húnaþings vestra vorið 2010. Mennta- og menningarmálaráðuneytið óskaði eftir upplýsingum um framkvæmd umbótaáætlunar í Grunnskóla Húnaþings vestra með bréfi dags. 10. sept. sl. Sendar voru upplýsingar til ráðneytisins þann 1. nóvember sl. og þakkar ráðuneytið fyrir upplýsingarnar og telur að sveitarfélagið hafi gert fyllilega grein fyrir umbótum í kjölfar úttektar ráðneytisins. Málinu er lokið að hálfu ráðneytisins.

Elísa Sigríður Guðmundsdóttir situr fundinn fyrir hönd starfsmanna leikskólans og foreldra leikskólabarna.

Jóna Gunnarsdóttir situr fundinn fyrir hönd skólaráðs Grunnskóla Húnaþings vestra.

Fundargerð rituð af Skúla Þórðarsyni, sveitarstjóra.

Fundargerð upplesin og samþykkt

Fundi slitið kl: 15:00

Rakel Runólfssdóttir(sign.),  
Gísli G.Magnússon(sign.),  
Ólöf Þorsteinsdóttir(sign),

Borghildur H. Haraldsdóttir(sign.),  
Anna Birna Þorsteinsdóttir(sign.).  
Sigrún Waage(sign.).

